

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 1094/2016,**  
**um sérstakan húsnaðisstuðning.**

1. gr.

5. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

5. gr.

*Grunnfjárhæð.*

Við útreikning sérstaks húsnaðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnaðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnaðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnaðisstuðnings. Sérstakur húsnaðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis-manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.885.000	4.856.250	323.750	404.688
2	5.138.226	6.422.783	428.186	535.232
3	6.015.484	7.519.355	501.290	626.613
4 eða fleiri	6.516.774	8.145.968	543.065	678.831

2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 6. febrúar 2019, og á fundi borgaráðs 21. febrúar 2019, eru byggðar á 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, eru ívilnandi og tóku gildi 1. janúar 2019.

*Borgarstjórin i Reykjavík, 25. febrúar 2019.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2019